

Ísafjarðabær
Stjórnsýsluhúsið, Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Selfoss, 14. júlí 2017
Tilvísun: 1605406

Efni: Beiðni um umsögn vegna aukinnar framleiðslu Arctic Sea farm hf. á laxi eða regnbogasilungum í sjókvíum í Dýrafirði

Matvælastofnun hefur til meðferðar umsókn um rekstrarleyfi frá Arctic Sea Farm í Dýrafirði. Arctic Sea Farm er nú þegar með rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi í Dýrafirði sem gefið var út af Fiskistofu árið 2011 og heimil framleiðsla er 2.000 tonn árlega af laxi eða regnbogasilungi. Fyrirtækið hefur sótt um aukna framleiðsluheimild og fyrirhugað er að ala 4.000 tonn af laxi eða regnbogasilungi á ári.

Í samræmi við 7. gr. laga um fiskeldi, nr. 71/2008 óskar Matvælastofnun hér með eftir umsögn sveitafélags Ísafjarðabæjar vegna fyrirhúgaðrar leyfisveitingar um það hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhúgaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi.

Framkvæmdin var ekki háð mati á umhverfisáhrifum en nánari upplýsingar má finna í tilkynningu sem barst Skipulagsstofnun í desember árið 2012, viðbótargögnum vegna tilkynningar sem bárust Skipulagsstofnun í mars árið 2015 og uppfærðri framleiðsluáætlun fyrirtækisins sem barst Matvælastofnun í apríl 2017.

Óskað er eftir því að umsögn verði send til Matvælastofnunar fyrir 1. ágúst 2017 og einnig á tölvupóstfang: soffia.magnusdottir@mast.is. Ef ákveðið verður að veita ekki umsögn er þess óskað að staðfesting þar um verði send á fyrrgreint tölvupóstfang.

Virðingarfyllst
f.h. Matvælastofnunar

Soffia Karen M
Soffía Karen Magnúsdóttir
Fagsviðsstjóri fiskeldis

Meðfylgjandi fylgigögn:

1. Fylgiskjal 1: Tilkynning um fyrirhugaða framleiðsluaukningu í Dýrafirði
2. Fylgiskjal 2: Viðbótargögn vegna tilkynningar um framleiðsluaukningu í Dýrafirði
3. Fylgiskjal 3: Uppfærð framleiðsluáætlun